Leiðsagnarmat í Menntaskóla Borgarfjarðar

Hvernig hefur okkur miðað?

Nóvember 2016

Lilja S. Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur 3

Framtíðarsýn MB 3

Kennsluhættir 4

Námsmat í MB 4

Leiðsagnarmat 5

Viðhorf kennara 6

Viðhorf nemenda 11

Samantekt og næstu skref 15

Heimildir 17

Inngangur

Á haustdögum 2007 hóf Menntaskóli Borgarfjarðar starfsemi sína. Strax við undirbúning skólastarfsins var ákveðið að fara aðrar leiðir hvað varðar námsmat. Stefnt var að því að taka upp leiðsagnarmat sem byggir á fjölbreyttum matsgögnum og jafnframt að leggja niður hefðbundin lokapróf í lok anna. Markmiðið var að meta vinnu og nám nemenda jafnt og þétt alla önnina og gefa nemendum endurgjöf á vinnuna á 4–5 vikna fresti. Með þessu móti vildum við veita nemendum og foreldrum þeirra nánari og tíðari upplýsingar um námsgengi nemandans. Ennfremur vildum við skapa skólanum sérstöðu, minnka brottfall og auka ábyrgð nemenda á námi sínu.

Í þessari skýrslu geri ég grein fyrir meginatriðum námsmats í Menntaskóla Borgarfjarðar. Auk þessa er byggt á niðurstöðum viðhorfakönnunar sem lögð var fyrir kennara skólans í október 2016 og niðurstöðum úr samræðum við rýnihóp úr röðum nemenda. Svipuð könnun var gerð í mars 2009.

Framtíðarsýn MB

Skólastarf Menntaskóla Borgarfjarðar hefur yfirskriftina: **Sjálfstæði - Færni - Framfarir** og kristallast viðhorf vinnunnar í skólanum í þessum markorðum.

<u>Framtíðarsýn</u>

Nám og gæði kennslu

- Framtíðarsýn Menntaskóla Borgarfjarðar er að vera leiðandi skóli í þróunarstarfi sem leggur áherslu á framsækni og fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati.
- Skólinn vill búa nemendum fjölbreytt námsumhverfi með áherslu á verkefnamiðað nám.
- Þá er það stefna skólans að styrkja enn frekar góð tengsl við nærsamfélagið og auka tækifæri nemenda í gegnum alþjóðlegt samstarf.
- MB leggur áherslu á að styrkja og efla námsframboð til að koma til móts við þarfir og áhuga nemenda á upptökusvæði skólans.

Nemendur

- Skólinn vill stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi og að fyrirkomulag náms stuðli að góðri ástundun.
- Áhersla er á að skólabragur sé jákvæður og lýðræðislegur. Að samvinna einkenni lausn viðfangsefna. Að persónuleg samskipti, skapandi hugsun, jafnrétti, góð líðan og virðing fyrir einstaklingnum einkenni skólabraginn.
- Áhersla er lögð á heilsusamlega umgjörð um skólastarfið og að andleg, líkamleg og félagsleg velferð nemenda sé höfð að leiðarljósi.

- Stjórnendur vilja leggja áherslu á að fjölga nemendum með sem fjölbreyttustu námsframboði og gæðum í kennslu.

Stjórnun

- Allur rekstur skólans, aðbúnaður, þjónusta og velferð nemenda og starfsmanna sé til fyrirmyndar.
- Stjórnendur skólans vilja nýta sér þá samfélagsmiðla sem í boði eru við markaðssetningu skólans.

(Skólanámskrá, 2016, bls. 6 - 7).

Kennsluhættir

Lögð er áhersla á að kennsluhættir Menntaskóla Borgarfjarðar séu í stöðugri þróun og skólinn sé í fremstu röð hvað varðar nýjungar og fjölbreytni í kennsluháttum, þar sem sérstök áhersla er á tengingu við raunveruleika og hagnýta þekkingu í námi og kennslu. Markmið með námi og kennslu skólans er að efla frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Einnig er mikilvægt að nemendur þjálfist í tjáningu og ritfærni þar sem megin þunginn er á upplýsingalæsi og gagnrýna hugsun. Kennsla í MB fer bæði fram í fjarnámi og staðnámi. Nemendur hafa aðgang að kennsluefni, bæði fyrirlestrum, verkefnum og öðrum gögnum á kennsluvef skólans (Moodle). Þannig er leitast við að nýta kosti upplýsingatækni eins og mögulegt er í námi og kennslu (Nemendahandbók, 2016).

Námsmat í MB

Námsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar er fyrst og fremst leiðsagnarmat en formleg annarpróf í lok anna eru ekki til staðar. Nemendur eru metnir jafn óðum allan námstímann og fá endurgjöf þrisvar sinnum á önn á svokölluðum vörðum. Á vörðum er notast við þriggja stiga skala; **mjög gott - í lagi - ófullnægjandi**, ásamt skriflegum ábendingum frá viðkomandi kennara. Í matinu er notast við flest þekkt mælitæki í skólastarfi, t.d. ígrundun kennarans, munnleg- og skrifleg próf, sjálfsmat nemenda og mat á verkefnum og framsetningu þeirra. Lokaeinkunn í hverjum áfanga er á formi talna á bilinu 1–10 með vísan í námsmarkmið viðkomandi áfanga (Skólanámskrá MB, 2016).

Vörður - viðmið við endurgjöf

Mjög gott	Vinnubrögð góð, öllum verkefnum skilað. Þátttaka í umræðum og virkni í kennslustundum er mjög góð. Markmiðum áfangans er náð.
Í lagi	Vinnubrögð ágæt, verkefnaskil í meðallagi. Þátttaka í umræðum og virkni í kennslustundum í meðallagi. Um helmingi markmiða áfangans er náð
Ófullnægjandi	Vinnubrögð ófullnægjandi. Óvirkur þátttakandi í umræðum og virkni í kennslustundum er lítil sem engin. Uppfyllir ekki markmið áfangans.

Leiðsagnarmat

Námsmat í MB er leiðsagnarmat sem byggir á hugmyndafræði sem ekki er ný af nálinni. Rannsókn Black og Wiliam (1998) hefur haft hvað mest áhrif á umræðuna um námsmat sl. áratug. Þeir tóku saman niðurstöður 250 rannsókna á námsmati frá 1988–1997. Þar kom fram að árangurríkasta námsmatið er þegar:

- Nemendur fá viðeigandi svörun - nemendur vita að hverju þeir stefna (endurgjöf), hver séu næstu skref og hvernig eigi að taka þau (ráðgjöf).
- Nemendur taka virkan þátt í eigin námi - setja sér markmið og viðmið um árangur.
- Kennsla er löguð að niðurstöðum námsmats - ígrundun kennara og sýn á að allir eiga að geta náð auknum árangri.
- Viðurkennt og vitað er að námsmat hefur djúpstæð áhrif á áhuga og sjálfsálit nemenda, og að hvoru tveggja hefur afgerandi áhrif á nám.
- Nemendur þurfa að geta metið eigin getu og skilið hvernig á eflast og ná árangri - ígrundun nemenda (Black og Wiliam, 1998).

Leiðsagnarmat er til að fylgjast með og sjá stöðuna meðan á námi stendur. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast til af þeim. Leiðsagnarmat byggist því á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu. Til þess að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim þarf að vera skýrt fyrir þeim hvaða markmiðum þeir stefna að og hvað þarf til að ná þeim. Nemendur þurfa að hafa matsviðmið (atriðalista) í höndunum. Einnig þarf að gefa þeim tækifæri á að meta eigið nám. Ef leiðsagnarmat á að vera árangursríkt þarf að þjálfa nemendur í sjálfsmati svo þeir skilji tilganginn með námi sínu og hvað þarf til að ná árangri (Black og Wiliam, 1998).

Endurgjöf er eitt af lykilatriðum námsmats ef matið á að nýtast nemendum til að bæta árangur sinn. Í hugmyndafræði leiðsagnarmats er mikil áhersla lögð á þátt endurgjafar. Skýr endurgjöf auðveldar nemandanum að átta sig á hvar hann er staddur í náminu og hvernig hann á að fara að því að komast lengra. Endurgjöf þarf að vera lýsandi og byggjast á styrkleika nemandans en jafnframt á hún að segja nemandanum hvernig hann eigi að halda áfram og leiðrétta það sem upp á vantar. Mikilvægt er að nemandinn skilji endurgjöf kennarans og geti nýtt sér hana til að meta sjálfur hvað gengur vel og hvað illa (Brookhart, 2008, bls. 1–2).

Sjálfsmat er það nefnt þegar nemandi metur á gagnrýninn hátt eigin verk með hliðsjón af markmiðum og viðmiðum um árangur. Sjálfsmat getur farið fram meðan verkefni eru unnin eða við lok áfanga. Sjálfsmat er annað og meira en að gefa sjálfum sér einkunn fyrir verkefni. Sjálfsmat felur í sér að hugsa um sjálfan sig sem námsmann. Sjálfsmat er færni sem þarf að læra og þjálfa. Sjálfsmat hefur mest áhrif þegar það er unnið meðan á námi stendur frekar en eftir að námi lýkur (Þóra Björk Jónsdóttir, 2008, bls. 49).

Viðhorf kennara

Til þess að fá fram skoðun kennara var lögð fyrir þá könnun í október 2016. Svipuð könnun lögð fyrir í mars 2009. Tilgangurinn var að kanna viðhorf þeirra til námsmats í MB. Könnunin var lögð fyrir alla kennara skólans og var svörunin 92%. Aðeins einn af þeim 13 sem könnunin var lögð fyrir svaraði ekki.

1 - Samkvæmt yfirlýstri stefnu skólans (MB) er unnið með leiðsagnarmat. Ertu sammála því?

- Flestir svöruðu játandi en þó ...
    - Að mestu leyti, held að leiðsagnarmatið sé ekki nógu greinandi fyrir nemendur
    - Já, en það má gera betur og samræma milli kennara sbr. vörður
    - Nei, ekki nema þá að takmörkuðu leyti
    - Held að það geti verið misjafnt frá einu fagi til annars
    - Já, en þó virðast útfærslur kennara á því vera ólíkar sem fyrr
    - Ekki að öllu leyti

2 - Hvernig mundir þú lýsa muninum á námsmati í MB og í öðrum framhaldsskólum?

- Eftir því sem ég best veit er meira símat og leiðsagnarmat í MB
- Hef ekki hugmynd hvernig það er annars staðar en grunar að það sé að breytast nær okkur
- Nemendur fá endurgjöf á vinnu sína í skólanum. Það hjálpar þeim að vita betur hvernig þeir standa sig
- Þekki það ekki
- Ég þekki ekki námsmat í öðrum skólum
- Engin lokapróf
- Minni (engin) áhersla á lokapróf og minni áhersla á próf almennt. Jafnara mat og símat. Fleiri og fleiri skólar virðast þó vera að taka upp leiðsagnarmat
- Ég þekki ekki námsmat í öðrum skólum
- Símat en ekki lokamat. Námsmat ekki slitið frá náminu sjálfu
- Símat jafnt og þétt yfir önnina, engin lokapróf
- Nemendur fá mun betri endurgjöf bæði munnlega og skriflega. Þó virðist það vera misjafnt milli kennara, líka ólík fög
- Engin lokapróf, vörðurnar



Í þeim kennslukönnunum sem lagðar eru fyrir nemendur í lok hverrar annar kemur skýrt fram að nemendur eru sammála kennurum hvað varðar námsmat án lokaprófa. Kennarar telja að símat eigi betur við nám og kennslu á 21. öldinni, eitt lokapróf með mikið vægi gefi ekki rétta mynd af kunnáttu og frammistöðu nemandans.

Eitt af lykilatriðum leiðsagnarmats er að nemendum séu markmið námsins ljós. Þeir viti að hverju sé stefnt. Allir kennarar eru sammála mikilvægi þessa atriðis.





Sjálfsmat tengt námsmarkmiðum er talið einn mikilvægasti þátturinn í leiðsagnarmati. Í skólanámskrá MB kemur fram að einn þáttur í leiðsagnarmati skólans sé sjálfsmat nemenda.





Í leiðsagnartímum hafa kennarar tækfæri til að ræða við nemendur um nám þeirra; Gefa þeim endurgjöf á einstök verkefni eða ræða almennt um námsgengi í viðkomandi áfanga. Rowntree (1983, bls. 29) bendir á að „endurgjöf að loknu námsmati stendur fyrst undir nafni þegar kennari ræðir eða ritar um frammistöðu nemenda; hrósar því sem vel er gert eða athyglisvert, bendir á bresti og sem flestar færar leiðir til úrbóta.“



Niðurstöður úr könnun á meðal kennara eru nokkuð samhljóma. Þó eru nokkar undantekningar. Það sem kemur helst á óvart er sú skoðun að kennari skólans telur að ekki sé unnið eftir hugmyndafræði leiðsagnarmats í MB. Hvað veldur þeirri skoðun er áhugavert að vita. Er hugsanlegt að viðkomandi kennari þekki ekki hugmyndafræði leiðsagnarmats og telur að námsmat skólans falli ekki undir þá hugmyndafræði. Einnig kemur á óvart að kennari telur að leiðsagnartími nýtist nemendum illa þrátt fyrir að flestir kennarar skólans telji sig nýta niðurstöður verkefna/prófa í áframhaldandi vinnu með nemendum. Þessar niðurstöður gefa tilefni til að skoða nánar hvernig leiðsögn kennarar fá í upphafi skólaársins, bæði nýliðar og þeir sem hafa starfað við skólann frá upphafi. Hugsanlega þarf að fara ítarlega yfir hugmyndafræði leiðsagnarmatsins og útfæra hana betur þannig að kennarar geri hana virka í kennslunni.

Viðhorf nemenda

Eins og áður hefur komið fram er leiðsagnarmat sú námsmatsaðferð sem Menntaskóli Borgarfjarðar leggur áherslu á. Öllum kennurum skólans ber að fara eftir þeirri hugmyndafræði og taka mið af henni við kennslu í sínum áfanga. Til þess að fá fram hugmyndir og skoðanir nemenda á námsmati skólans var ákveðið að kalla saman hóp nemenda til að rýna með mér í námsmatið.

Rýnihópur nemenda í MB samanstóð af 12 nemendum bæði eldri og yngri. Kynjaskipting var jöfn, 6 strákar og 6 stelpur. Nemendur fengu spurningar rýnihópsins

fyrirfram þannig gátu þeir mótað skoðun sína í huganum áður en við hittumst til þess að ræða þeirra hugmyndir um námsmat í MB. Til samtalsins mættu 9 nemendur, 6 stelpur og 3 strákar.

1 - Í upphafi samtalsins við nemendur voru þeir beðnir um að lýsa námsmati í MB.

Vörður, símat, gerum mikið af verkefnum.

2 - Hver er reynsla ykkar af námsmati eða einstökum námsmatsaðferðum?

Ég hef verið skóla þar sem eru lokapróf. Nemendur lærðu ekkert yfir veturinn og komust upp með það en svo lærðu þeir helling í 2 vikur fyrir próf en það er auðvitað ekki hægt í símati – símatið er miklu þægilegra og gefur raunverulegri mynd af því hvernig maður er að standa sig í skóla.

Annar nemandi hafði sömu reynslu og sagði að hann hafði ekki gert neitt nema rétt fyrir próf- upplifði sig ekki sem góðan námsmann fyrr en hann kom hingað í þetta kerfi.

3 - Hvaða námsmatsaðferðir henta ykkur og hvers vegna?

Lokapróf henta ekki öllum þá lærir maður bara þetta auðvelda og skilur hitt eftir og nær þá kannsi bara 5. Ef maður lærir svona eins og að fylla á eitthvað þá gleymir maður öllu eftir prófið, tekur ekkert með sér úr áfanganum í þann næsta.

Það mundi henta mér í sumum fögum að fara í próf, þeim fögum sem ég hef engan áhuga á t.d í áföngum þar eru alltaf 2 verkefni á viku og maður á skila þeim í lok tímans og þá getur maður ekki legið yfir þeim, það er ekki tími og því skilar maður þeim bara lítið unnum. Þá getur maður alveg eins farið í próf – þá mundi maður læra eitthvað, ég læri ekkert á því að gera þetta svona.

Það mundi ekki henta að fara í stór lokapróf í lok annar – það er allt of mikið stress.

En við gætum alveg farið í lokapróf, ef það þarf eins og er í sumum skólum og í háskólum. Við kunnum þetta alveg, en mér finnst sniðugt að ef þú ert með 8 eða hærra í verkefnum þá máttu sleppa við lokapróf, þá þarftu alltaf að vera að læra ef þú villt fá góðar einkunnir.

Mér fyndist allt í lagi þó einhverjir áfangar hér væru með lokapróf. Mér finnst stundum að ef þú tekur kaflapróf þá ertu bara að læra þann kafla svo ferðu í þann næsta þá festist efnið lítið í langtímaminninu ef þú þarft aldrei að fara yfir allt efnið og leggja það á minnið.

Það er eiginlega einn partur sem við erum ekki að gera hér það er að fara yfir allt efnið – hvernig maður gerir það?

4 - Hvernig er reynsla ykkar af endurgjöf kennara?

Flestar umsagnir eru sanngjarnar en sumar segja lítið. Kannski þarf að samræma þetta betur á milli áfanga og kennara. T.d í sumum áföngum veit maður bara tölu en veit ekkert hvað er á bak við þá tölu, 8 segir manni ekki neitt. Líka vantar oft fyrirmyndarúrlausnir, hvað er rétt og hvað ekki.

Stundum veit maður ekki hvort svörin eigi að vera djúp eða ekki.

Sumir kennarar eru með mjög góðar umsagnir í öllu bæði prófum og verkefnum – gefa manni upplýsingar um hvað mætti gera betur og fara líka yfir próf og verkefni með okkur.

Dæmi um ekki góða endurgjöf er í tungumálum, þar skrifum við verkefni í stílabók og skilum henni og ég sleppi stundum verkefnum sem ég nenni ekki að gera en samt fæ ég 10 – það stendur alveg að það vanti verkefni en samt fáum við 10.

Hvernig umsagnir/vörður hafið þið fengið? Hvað finnst ykkur um þær?

Það er mjög misjafnt eftir áföngum eða aðallega kennurum. Stundum fáum við bara tölu og stundum ítarlega endurgjöf sem við getum lært af eins og t.d í félagsfræði þá fáum við tölu og góða endurgjöf og stundum skilum við verkefni á meðan það er í vinnslu fáum endurgjöf á það og leiðbeiningu um framhaldið, þá getur maður nýtt sér það á lokasprettinum.

Í raungreinum er fyrirmyndarlausn og þú veist hvaða spurning er röng og þá getur þú borið það saman við lausnina.

5 - Nefnið kosti/galla þess að fara ekki í lokapróf (sjá hér að ofan)

Minni prófkvíði.

Flestir nemendur á þeirri skoðun að betra sé að fara í eitt og eitt próf í stað þess að stressa sig í langan tíma í lokaprófum.

6 - Hvaða reynslu hafið þið af sjálfsmati/jafningjamati? Hvernig var sú reynsla. Hvernig nýttist hún ykkur í náminu?

Við metum okkur stundum sjálf í félagsgreinum og einnig þá sem eru með manni í hóp og ég gef oftast öllum sem eru með mér í hópnum bara 10, ég fer ekkert að gefa þeim neitt lægra, allir sammála um það. Nema að einhver hafi ekkert lagt af mörkum og ekki mætt.

Í hópvinnu gefum við hvert öðru (hópnum) endurgjöf (jafningjamat)
Stundum nýtist hópvinnumatið mjög vel ef t.d. einhver sem hefur ekki gert neitt þá finnst mér óréttlátt að allir fái sömu einkunn.

Mér finnst vont þegar kennari velur í hóp, þá er erftitt að finna tíma til að hittast og svoleiðis. Það er miklu betra að velja sjálfur þá veit maður hvernig fólk vinnur.

Annars voru flestir sammála því að best væri að vinna einn. Þá fær maður einkunn eða endurgjöf sem endurspeglar það sem þú lagðir af mörkum. Þá getur maður stjórnað ferðinni sjálfur og ákveðið hvað og hverning maður ætlar að hafa hlutina.

7 - Finnst ykkur það skipta miklu máli að vita hver eru markmið hvers áfanga?

Já, það skiptir miklu máli að ræða um markmiðin og fara yfir áfangalýsinguna. Kennarar ræða þetta í byrjun áfangans en þyrftu að gera það oftar yfir veturinn eða allavega að minna á það.

Ræða kennarar við ykkur um markmið?

Stundum í vörðunum kemur fram hvort maður er að ná markmiðum áfangans – þess á milli gleymir maður þessu. En í félagsfræði fær maður alltaf að vita markmið með verkefnum í verkefnalýsingunni.

Já í flestum tilvikum. En ekki í öllum áföngum stundum veit maður ekki neitt, maður veit ekkert hvað er verið að fara fram á.

8 - Ræða kennarar við ykkur um námsmatið? Ef svo er hvernig og hvaða þætti þess?

Jú, í sumum áföngum. En það væri gott að fá smá samtal við kennara í kjölfar varðanna og ef allt er í lagi þá tekur það bara stuttan tíma.

Fram kemur hjá nemendum að námsmatið er ekki bara gott og blessað og gallalaust. Nemendur vilja hafa einhverskonar styttri próf í öllum áföngum en þeir óska eftir að kennarar skipuleggi betur verkefnaskil og próf. „Sumir kennarar hella yfir okkur alls konar verkefnum og prófum rétt fyrir vörðu. Þegar varða er ný afstaðin þá er bara verið að "chilla" en síðan skellur allt á rétt fyrir næstu vörðu" „Ekkert gert í sumum áföngum til þess að halda manni við efnið á milli varða".

Viðhorf viðmælenda gagnvart námsvörðunum voru svipuð hjá þeim öllum. „Námsmatið á að vera símat en það er eins og að ef maður fær gott í kaflaprófum þá fær maður gott í vörðu, verkefnin virðast gilda minna en prófin. Allt of lítið tekið mið af þeim verkefnum sem við höfum gert áður en þegar kemur að vörðu". Nemendur vilja leiðbeinandi endurgjöf meðan á vinnu verkefna stendur. Þeir vilja vita hvar þeir standa og hvernig þeir geta gert betur. Nemendur vilja ekki almennar athugasemdir um námsgengi sitt, endurgjöfin þarf að snúast um nám þeirra. Umsagnir sem eru aðeins eitt eða tvö orð hjálpa ekki. Nemendur lögðu ennfremur áherslu á að leiðsagnartímar nýttust vel hjá þeim kennurum sem hefðu slíkt. „Það er gott að ræða við kennara um námið og fá nánari útskýringar á því sem maður skilur ekki og líka það sem maður skilur."

Einnig kom fram hjá nemendum að þeir telja að viðhorf kennara gagnvart þeim hafi mun meiri áhrif á námsmatið en verkefni eða vinna þeirra og frammistaða. „Ég er í einum áfanga hef ég ekki gert rassgat í en samt fæ ég hátt, ég kinka bara kolli á réttum stöðum og fæ fyrir það mjög gott í vörðu.“ Nemendur álíta að í sumum tilfellum séu kennararnir ekki réttlátir í endurgjöf sinni en í öðrum séu þeir áhugsamir og vilji aðstoða nemendur við námið og hjálpa þeim að ná árangri. Þegar nemendur fá misvísandi eða ófullnægjandi upplýsingar um frammistöðu vaknar sú spurning hvort námsmatið þjóni hagsmunum nemenda eins og leiðsagnarmat gerir ráð fyrir.

Samantekt og næstu skref

Þegar litið er til baka til ársins 2007 þegar skólinn hóf göngu sína má segja að þróun námsmatsins hafi gengið ágætlega. Þó má alltaf finna einhverjar hindranir og markmiðið hafi ekki náðst, hvað varðar alla áfanga. Sumir kennara hafa ekki fundið sig í þessari tegund námsmats. Niðurstöður úr þessari litlu viðhorfakönnun benda til þess að ekki er alltaf samræmi á milli þess sem kennarar segja varðandi námsmatið og þess sem nemendur upplifa. Kennararnir eru óvissir með hugmyndafræði leiðsagnarmatsins og það vantar meiri tíma til samráðs, umræðna og eftirfylgni stjórnenda. Nemendur þurfa líka að fá betri og nákvæmari upplýsingar um námsmat skólans, hvernig þeir verða metnir og hver þeirra þáttur í matinu er. En þrátt fyrir alla vankanta þá er það gleðiefni að nemendur og kennarar eru sammála þeirri fullyrðingu að leiðsagnarmat gefi gleggri mynd af námsgengi nemenda en lokamat.

Næstu skref: Sú reynsla sem skólinn og kennarar hans hafa fengið af þróun námsmatsins hingað til er dýrmæt. Eitt af hlutverkum skólastjórnenda er að skapa kennurum tíma og rúm til þess að vinna að þróun í skólastarfi og frjótt og hvetjandi umhverfi. Umhverfi þar sem vandamálin eru ekki veikleikamerki, heldur eitthvað sem þarf að leysa. Stjórnendur þurfa að vera lykilfólk í skólaþróuninni, vera leiðandi en án kennara og annars starfsfólks verður engin þróun.

Til þess að hugmyndafræði leiðsagnarmatsins festist enn betur í sessi þurfum við að gera okkur grein fyrir þeim annmörkum sem kunna að vera á notkun leiðsagnarmatsins. Þróun námsmatsins mun halda áfram, hugmyndafræðin þarf að vera skýr og skiljanleg, bæði kennurum og nemendum. Gefa þarf meiri tíma til umræðna og samstarfs á meðal

kennara og e.t.v að efla þátttöku nemenda í matinu. Það eru því spennandi tímar framundan og margt sem þarf að huga að þegar nýjar leiðir eru farnar hvort sem það á við námsmat eða annað sem snertir skólastarfið.

Heimildir

Black, P. og Wiliam, D. (1998). Inside the Black Box: Rasing standard through classroom assessment. Sótt 12. október 2016 af http://weaeducation.typepad.co.uk/files/blackbox-1.pdf

Brookhart, S. M. (2008). *How to give Effective Feedback to your students.* Alexandria, Virginia USA. ASCD.

Nemendahandbók. (2016). Borgarnes. Menntaskóli Borgarfjarðar.

Rowntree, D. (1983). *Matsatriði, námsmat og áhrif þess*. Stefán Júlíusson islenskaði. Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Skólanámskrá Menntaskóla Borgarfjarðar. (2016). Borgarnes. Menntaskóli Borgarfjarðar.

Þóra Björk Jónsdóttir. (2008). *Námsmat með áherslu á leiðsagnarmat.* Akureyri. Höfundur sá um útgáfuna.